

STEFNA

Íslenska ríkið,
kt. 550169-2829,
Arnarhváli,
150 Reykjavík.

GERIR KUNNUGT: Að það þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Mosfellsbæ, kt. 470269-5969, Þverholti 2, Mosfellsbæ.

Dómkröfur: Þess er aðallega krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 100.208.244 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. júní 2013 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Til vara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 40.731.853 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. júní 2013 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Málflutningsumboð og fyrirvar:

Soffía Jónsdóttir hrl. hjá embætti Ríkislögmans, Hverfisgötu 6, Reykjavík flytur mál þetta fyrir stefnanda.

Með fyrirvar fyrir stefnanda fara Bjarni Benediktsson, kt. 260170-5549, fjármála- og efnahagsráðherra með starfsstöð í Arnarhváli í Reykjavík og Illugi Gunnarssonar, kt. 260867-5559, mennta- og menningarmálaráðherra með starfsstöð að Sölvhólsgötu 4 í Reykjavík.

Málsatvik:

Samkomulag um stofnun og uppbyggingu framhaldsskóla í Mosfellsbæ var undirritað 19. febrúar 2008 af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og bæjarstjóra fyrir hönd Mosfellsbæjar, sbr. dskj. nr. 3. Í samkomulaginu var m.a. gert ráð fyrir nýbyggingu fyrir skólann og að kostnaður við hana yrði um 840 milljónir króna á verðlagi ágúst mánaðar 2007. Gert var ráð fyrir að byggingaframkvæmdir hæfust árið 2009 og að gerður yrði sérstakur samningur milli aðila um sjálfa framkvæmdina þegar fyrir lögju endanlegar tillögur um stærð og gerð húsnæðisins og nákvæmari kostnaðaráætlun.

Framkvæmdasýsla ríkisins vann lögboðna frumathugun að beiðni stefnanda og lágu niðurstöður hennar fyrir um mitt ár 2009, sbr. dskj. nr. 4. Aðilar gerðu síðar samning við Framkvæmdasýslu ríkisins þar sem stofnuninni var falin umsjón með verklegum framkvæmdum auk bókhalds- og greiðsluþjónustu, sbr. dskj. nr.22.

Haldin var samkeppni um hönnun skólans vorið 2010. Þegar úrslit hennar lágu fyrir annaðist Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd stefnanda og stefnda, áætlunargerð vegna hönnunar og byggingar fyrsta áfanga framhaldsskólans í samræmi við verðlaunatillöguna.

27. maí 2011 lagði Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd aðila málsins, inn umsókn til að fá að byggja skólahús á lóðinni nr. 35 við Háholt í Mosfellsbæ. Byggingafulltrúi stefnda samþykkti umsóknina 8. júní 2011, sbr. dskj. nr. 5.

Þann sama dag sendi stefndi Framkvæmdasýslu ríkisins reikning fyrir bygginga- og gatnagerðargjöldum að fjárhæð 104.019.420 krónur, sbr. dskj. nr. 6. Framkvæmdasýsla ríkisins hafnaði greiðslu reikningsins 30. júní 2011 samkvæmt fyrirmælum stefnanda með vísan til 47. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla, sem kveður á um að sveitarfélög skuli leggja til lóðir undir framhaldsskóla án endurgjalds.

11. júlí 2011 barst Framkvæmdasýslu ríkisins bréf stefnda þar sem áréttað var að stefndi legði til lóð undir skólann án endurgjalds en byggingagjöldin sem tilgreind væru á reikningi væru í samræmi við mannvirkjalög sem og gjaldskrá nr. 432 um skipulags- og byggingamál, sbr. dskj. nr. 7. Gatnagerðargjöld væru innheimt í samræmi við lög nr. 153/2006 og gjaldskrá nr. 990/2010 og að byggingarleyfi væri háð greiðslu gjaldanna.

31. ágúst 2011 sendi Framkvæmdasýsla ríkisins stefnda bréf þar sem ítrekaður var sá skilningur stefnanda að gatnagerðargjald samkvæmt lögum nr. 153/2006 sé nátengt lóðinni sem slíkri og falli þar með undir ákvæði 47. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla, sbr. dskj. nr. 8. Var greiðsluskyldu stefnanda á gatnagerðargjaldinu hafnað og reikningurinn endursendur stefnda öðru sinni.

26. október 2011 ritaði Framkvæmdasýsla ríkisins aðilum málsins bréf þar sem kemur fram að áætlunargerð vegna byggingar framhaldsskólans væri að ljúka og því rétt að hugað yrði að atriðum sem m.a. vörðuðu lagaheimild til útboðs, heildarkostnaðaráætlun, samanburð við frumathugun og hönnunarsamning og gatnagerðargjöld. Í bréfinu kemur fram að samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001, skuli Framkvæmdasýsla ríkisins hafa yfirstjórn verklegra framkvæmda eins og þær eru skilgreindar í lögnum. Af því tilefni fylgdu drög að samningi milli aðila málsins annars vegar og Framkvæmdasýslu ríkisins hins vegar, sem ráðgert var að yrði undirritaður áður en útboð yrði auglýst og verkleg framkvæmd hæfist, sbr. dskj. nr. 9.

Í bréfi sem mennta- og menningarmálaráðuneyti ritaði fjármálaráðuneytinu 2. febrúar 2012, sbr. dskj. nr. 10, er greint frá því að hönnun byggingar vegna Framhaldsskólans í Mosfellsbæ væri lokið og þess farið á leit við fjármálaráðuneytið að útboðsheimild yrði veitt. Framkvæmdin væri samstarfsverkefni stefnanda og stefnda í hlutföllunum 60/40 og áætlaður framkvæmdakostnaður á verðlagi í janúar 2012 næmi 1500 milljónum króna, án búnaðar.

7. febrúar 2012 óskaði fjármálaráðuneytið þess að Framkvæmdasýsla ríkisins veitti ráðuneytinu umsögn áður en útboðsheimild yrði veitt, sbr. dskj. nr. 11. Sú umsögn lá fyrir degi síðar, sbr. dskj. nr. 12. Samkvæmt henni var áætlaður heildarkostnaður verksins 1.720 milljónir króna, en áætlað að tilboð á samkeppnismarkaði myndi færa kostnaðinn undir 1.600 milljónir króna. Ráð væri fyrir því gert að kostnaður skiptist þannig að 60% (960 milljónir) hlutdeild stefnanda yrði greidd úr ríkissjóði og 40% (640 milljónir) hlutdeild stefnda yrði greidd úr bæjarsjóði Mosfellsbæjar. Var það mat Framkvæmdasýslu ríkisins að verkið væri tilbúið til útboðs og fjármögnun þess verið tryggð.

Bygging framhaldsskólans var boðin út í mars 2012, sbr. dskj. nr. 19. Í útboðs- og samningsskilmálum eru stefnandi og stefndi tilgreindir sameiginlega sem verkkaupar. Einnig er þar tekið fram að Framkvæmdasýsla ríkisins hafi umsjón með verkinu.

30. mars 2012 undirrituðu aðilar samning um byggingu framhaldsskóla í Mosfellsbæ, sbr. dskj. nr. 13. Samningurinn er gerður á grundvelli 47. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Í 2. og 3. grein samningsins er tilgreint að áætlaður heildarkostnaður án búnaðar nemi 1500 milljónum króna sem skiptist á milli aðila þannig að 60% (900 milljónir) greiðist úr ríkissjóði en 40% (600 milljónir) greiðist úr bæjarsjóði. Í 5. gr. samningsins er tekið fram að ágreiningur sé meðal aðila um hvort greiða skuli gatnagerðargjöld af skólalóðinni.

3. maí 2012 tilkynnti stefndi Framkvæmdasýslu ríkisins að áður sendur reikningur að fjárhæð 104.019.420 krónur væri í vanskilum og að liðnum fresti yrði gripið til frekari innheimtuaðgerða og/eða skuldajöfnunar, sbr. dskj. nr. 14. Framkvæmdasýsla ríkisins hafnaði greiðslu að svo stöddu með bréfi til stefnda 22. maí 2012, með vísan til 5. gr. byggingarsamnings aðila frá 30. mars 2012, sbr. dskj. nr. 15.

Stefnandi óskaði eftir áliti ríkislögmans á því hvort gatnagerðargjöld falli undir 47. gr. laga um framhaldsskóla og þá hvort stefnanda beri þannig almennt að hefja greiðslu gatnagerðargjalda af framhaldsskólabyggingum eftir gildistöku laga nr. 92/2008, sbr. dskj. nr. 16.

Með bréfi til stefnanda 5. júní 2012 heimilaði stefndi útgáfu byggingarleyfis vegna framhaldsskólans þrátt fyrir að ekki hafi verið leyst úr ágreiningi um réttmæti gatnagerðargjaldsins, sbr. dskj. nr. 17.

Með tölvupósti 18. júní 2012 staðfesti Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. aðila, tilboð Eyktar ehf. í verkið, sbr. dskj. nr. 18. Eykt ehf. ritaði undir verksamning um byggingu framhaldsskólans þann 27. ágúst 2012 sem verktaki og stefnandi og stefndi sameiginlega sem verkkaupar 12. október og 19. október 2012, sbr. dskj. nr. 19.

29. ágúst 2012 sendi stefnandi stefnda álitsgerð ríkislögmans frá 17. ágúst 2012 varðandi álagningu gatnagerðargjaldsins, sbr. dskj. nr. 20.

Í bréfi sem stefndi sendi Framkvæmdasýslu ríkisins 1. nóvember 2012 áréttaði hann þann skilning sinn að álagning gatnagerðargjalds á nýbyggingu Framhaldsskólans í Mosfellsbæ væri heimil með vísan til laga nr. 153/2006. Lýsti stefndi þeim áformum sínum að skuldajafna álögðum gatnagerðargjöldum á móti hlutdeild sinni í byggingakostnaði, sbr. dskj. nr. 21.

Samningur vegna verklegra framkvæmda við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ milli stefnanda og stefnda (sem verkkaupa) og Framkvæmdasýsla ríkisins (sem verksala) var undirritaður 19. nóvember 2012 af hálfu framkvæmdasýslunnar, 24. janúar 2013 af hálfu stefnanda en undirritun stefnda á samninginn er ódagsett, sbr. dskj. nr. 22. Með samningnum var Framkvæmdasýslu ríkisins falin umsjón með framkvæmd við byggingu framhaldsskólans. Í 6. gr. samningsins er tekið fram að greiðsluáætlun sé að finna á fylgiskjali C og að verkkaupi greiði til framkvæmdasýslunnar samkvæmt áætluninni á þeim dögum sem tilgreindir eru í henni.

Nokkur samskipti áttu sér stað á milli starfsmanna stefnda og Framkvæmdasýslu ríkisins annars vegar og starfsmanna framkvæmdasýslunnar og stefnanda hins vegar, vegna kröfu stefnda um greiðslu gatnagerðargjalds, sbr. dskj. nr. 23.

Áramótastaða byggingareikninga 2012/2013 var óhagstæð stefnda sem nam 120.672.796 krónum, sbr. dskj. nr. 24. Þann 28. febrúar 2013 sendi Framkvæmdasýsla ríkisins stefnda reikning sem nam þeirri fjárhæð, sbr. dskj. nr. 25.

4. mars 2013 ritaði Framkvæmdasýsla ríkisins stefnda bréf þar sem fyrirhuguðum skuldajöfnuði var mótmælt. Í bréfinu var stefnda m.a. leiðbeint um að fyrirhugaðri skuldajöfnun bæri að beina að stefnanda og áréttað að Framkvæmdasýsla ríkisins væri ekki eiginlegur aðili að framkvæmdum við nýbygginguna, heldur annaðist stofnunin einungis ákveðna umsýslu fyrir verkkaupa, þ.e. stefnanda og stefnda, sbr. dskj. nr. 26.

Í bréfi stefnda til Framkvæmdasýslu ríkisins frá 5. apríl 2013 færir stefndi fram rök fyrir því áliti sínu að skuldajöfnuði yrði réttilega beint að Framkvæmdasýslu ríkisins en ekki stefnanda. Þá lagði stefndi það til að aðilar kæmu sér saman um að fela sérfræðingum að skera úr um hvort innheimta gatnagerðagjalda ætti rétt á sér, sbr. dskj. nr. 27. Í bréfi sem stefndi sendi stefnanda þann sama dag var óskað eftir að stefnandi tæki afstöðu til tillögunnar, sbr. dskj. nr. 28.

13. maí 2013 sendi forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins stefnda tölvupóst þar sem áréttað er að stefndi hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi aðila um byggingu framhaldsskólans og að rúmar 200 milljónir króna vantaði þar upp á. Var þess óskað að greiðslur bærust framkvæmdasýslunni án tafar, sbr. dskj. nr. 29. Sú ósk var áréttuð í tölvupósti 4. júní 2013, sbr. dskj. nr. 30. Í svarpósti stefnda 5. júní 2013 kemur fram að reikningar aðrir en 120 milljóna króna reikningurinn yrðu greiddir, en hann yrði væntalega notaður til skuldajöfnunar um leið og formlegt svar stefnanda lægi fyrir.

14. júní 2013 sendi stefndi Framkvæmdasýslu ríkisins tilkynningu um skuldajöfnuð. Reikningi stefnda nr. RK150706, vegna meintrar skuldar Framkvæmdasýslu ríkisins á bygginga- og gatnagerðargjöldum frá 8. júní 2011 að fjárhæð 104.019.420 var skuldajafnað við reikning nr. 102198 útgefnum af Framkvæmdasýslu ríkisins 28. febrúar 2013 að fjárhæð 120.672.796. Mismunurinn 16.653.376 krónur var greiddur inn á reikning hjá Framkvæmdasýslu ríkisins, sbr. dskj. nr. 31.

Í bréfi sem Framkvæmdasýsla ríkisins ritaði stefnda 10. september 2013, f.h. stefnanda, var skuldajöfnuðinum mótmælt og stefndi jafnframt krafinn um greiðslu á eftirstöðum reiknings nr. 102198 sem námu 104.019.420 krónum auk dráttarvaxta, sbr. dskj. nr. 32. Þeirri kröfu mótmælti stefndi í bréfi til Framkvæmdasýslu ríkisins 8. október 2013, sbr. dskj. nr. 33.

Nýbygging Framhaldsskólans í Mosfellsbæ var tekin í notkun í byrjun vorannar 2014. Lóðarleigusamningur um lóðina nr. 35 við Háholt í Mosfellsbæ var undirritaður 14. apríl 2014 af stefnda sem lóðareiganda og stefnda og stefnanda sem leigutökum í hlutföllunum 40/60 af óskiptri lóð, sbr. dskj. nr. 34.

Verktakinn hefur lokið verkinu í samræmi við verksamning og fór lokaúttekt fram 7. janúar 2014 og ábyrgðarúttekt var gerð 7. janúar 2015, sbr. dskj. nr. 35. Við verklok vantaði 100.208.244 krónur upp á að stefndi hefði staðið skil á lögbundnu 40% framlagi sínu við framkvæmdina, sbr. dskj. nr. 36 og er það stefnufjárhæð aðalkröfunnar.

Tilfni málsóknarinnar er annars vegar að fá hrundið ólögætum skuldajöfnuði og hins vegar að fá úr því skorið með dómi hvort álagning stefnda á gatnagerðargjaldinu samræmist 47. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Málsástæður:

Lögbundin skylda stefnda til að greiða 40% stofnkostnaðar.

Í 47. gr. framhaldsskólalaga nr. 92/2008 er kveðið á um stofnkostnað opinberra framhaldsskóla. Samkvæmt ákvæðinu skal gera samning um stofnkostnað og skiptingu hans milli þeirra sem standa að stofnun framhaldsskóla. Með stofnkostnaði er átt við kostnað vegna húsnæðis og almenns búnaðar sem samningsaðilar ákveða að leggja til skólans. Lóðir undir framhaldsskóla skulu sveitarfélög leggja til án endurgjalds.

Í 2. mgr. 47. gr. er tekið fram að þegar ráðherra og sveitarfélög ákveði í sameiningu að stofna framhaldsskóla skuli gerður samningur um undirbúning og umsjón með stofnframkvæmdum. Aðilar gerðu með sér samkomulag 19. febrúar 2008 um stofnun og uppbyggingu framhaldsskóla, sbr. dskj. nr. 3 og þann 30. mars 2012 undirrituðu aðilar samning um byggingu skólans, sbr. dskj. nr. 13. Byggingaframkvæmdin var sameiginleg framkvæmd aðila í skilningi c liðar 2. mgr. 47. gr. laganna og var Framkvæmdasýslu ríkisins falin umsjón með undirbúningi og umsjón framkvæmdarinnar. Kostnaðurinn, þ.m.t. hönnunarkostnaður og allur kostnaður við undirbúning byggingaframkvæmdarinnar, skiptist á milli aðila þannig að stefnandi skyldi greiða 60% hans en stefndi greiða 40%. Lög heimila ekki nein frávik frá þeirri kostnaðarskiptingu. Aðilum er því óheimilt að semja um aðra skiptingu stofnkostnaðar.

Bygging Framhaldsskólans í Mosfellsbæ er opinber framkvæmd í skilningi laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda. Framkvæmdasýsla ríkisins vann frumathugun og áætlunargerð í samræmi við II og III kafla laganna, sbr. dskj. nr. 4 og nr. 12. Þann 8. febrúar 2012 var áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina talin nema 1.720.000.000 krónum, sem skiptist í lögbundnu hlutfalli þannig á milli aðila að stefnandi greiddi 960.000.000 krónur en stefndi 640.000.000, sbr. dskj. nr. 12.

Í verksamningi sem aðilar gerðu sameiginlega sem verkkaupar við Eykt ehf. í október 2012, sbr. dskj. nr. 19 er kveðið á um að verkkaupar standi verktakanum skil á greiðslu fyrir verkið með tilteknum hætti. Þar kemur einnig fram að verktaki skuli skrá reikninga á Framkvæmdasýslu ríkisins vegna Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Í útboðs- og samningsskilmálum, sem eru hluti verksamningsins, er tekið fram í lið 0.2.1 að Framkvæmdasýsla ríkisins hafi umsjón með verkinu fyrir verkkaupa.

Aðilar málsins gerðu sameiginlega samning við Framkvæmdasýslu ríkisins vegna verklegra framkvæmda við framhaldsskólann í Mosfellsbæ, sbr. dskj. nr. 22. Í 6. gr. samningsins er kveðið á um bókhalds- og greiðsluþjónustu framkvæmdasýslunnar. Þar er vísað til fylgiskjals C sem hefur að geyma sameiginlega greiðsluáætlun stefnanda og stefnda. Samkvæmt henni átti stefnandi að inna 873.000.000 krónur til verksins en stefndi 577.000.000 krónur. Skuldbundu þeir sig til að greiða samkvæmt þeirri áætlun til framkvæmdasýslunnar á þeim dögum sem þar eru tilgreindir. Það hefur stefndi ekki gert nema að hluta. Hann hefur þar með vanefnt bæði lögboðna og umsamda skyldu sína.

Aðilum málsins ber lagaskylda til að inna af hendi stofnkostnaðinn. Þá skyldu efndi stefndi ekki. Stefnandi greiddi 60% stofnkostnaðarins í samræmi við áskilnað laga og sameiginlegu greiðsluáætlunina, sbr. dskj. 22 og 37. Stefnandi lýsti yfir skuldajöfnuði sem nemur 104.019.420

krónum af stofnkostnaðarframlagi sínu við Framkvæmdasýslu ríkisins vegna meintrar skuldar Framkvæmdasýslu ríkisins á bygginga- og gatnagerðargjöldum sbr. dskj. nr. 31. Þessi ráðstöfun stefnda leiddi til þess að stefndi hefur ekki staðið skil á 40% stofnkostnaðarframlagi sínu. Frá og með 14. júní 2013 vantaði 104.019.420 krónur upp á þau skil. Stefnandi hefur frá og með þeim degi þurft að fjármagna það sem upp á hefur vantað til að unnt væri að standa Eykt ehf. skil á greiðslum í samræmi við skyldur aðila samkvæmt ákvæðum verksamningsins. Við verklok nam sú fjárhæð 100.208.244 krónum, sbr. dskj. nr. 36, og er það stefnufjárhæð málsins. Stefnda ber því að endurgreiða stefnanda þann byggingarkostnað sem stefnandi innti af hendi til verktakans vegna vanefnda stefnda.

Skilyrði skuldajafnaðar eru ekki fyrir hendi.

Samkvæmt 6. gr. samnings aðila við Framkvæmdasýslu ríkisins, sbr. dskj. nr. 22, ber Framkvæmdasýsla ríkisins ábyrgð á fjármálaeftirliti, bókhalds- og greiðsluþjónustu og ber að auki að upplýsa verkkaupa, þ.e. stefnanda og stefnda, mánaðarlega um fjárhagsstöðu verksins. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur því einungis umsjón með því að stefnandi og stefndi inni af hendi stofnkostnaðinn í samræmi við þar tilgreinda greiðsluáætlun. Því fé ráðstafaði framkvæmdasýslan síðan til Eyktar ehf. í samræmi við ákvæði verksamningsins eftir framvindu verksins, sbr. dskj. nr. 19. Framkvæmdasýsla ríkisins er milliliður á milli aðila verksamningsins hvað þennan þátt varðar og á engan formlegan kröfurétt á hendur stefnda til að standa skil á stofnframlaginu. Ekkert slíkt kröfuréttarsamband er heldur á milli framkvæmdasýslunnar og stefnanda. Þegar af þeirri ástæðu kemur skuldajöfnuður á hendur Framkvæmdasýslu ríkisins ekki til neinna álita.

Greiðsla stofnkostnaðar til byggingar framhaldsskóla samkvæmt 47. gr. laga nr. 92/2008 er sérstaks eðlis og verður því ekki skuldajafnað. Í ákvæðinu er tilgreint í hvaða hlutföllum aðilar eiga að greiða kostnaðinn við framkvæmdina og er óheimilt að semja um önnur hlutföll. Augljóslega er gengið út frá því að stofnkostnaðurinn sé greiddur að fullu og í reiðufé enda stofnast eignaréttur aðila að skólabyggingunni í sömu hlutföllum og stofnframlagi þeirra nemur, sbr. 48. gr. laganna.

Þá er í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda áréttað að útboð opinberra framkvæmda fari samkvæmt lögum um opinber innkaup. Framlögum stefnanda og stefnda til framkvæmdanna er ætlað til að standa straum af kostnaði við byggingu framhaldsskóla og tekur útboð mið af því að þeir peningar séu til reiðu til að standa straum af samningi við byggingaraðila að afstöðnu útboði. Af 12. gr. laga nr. 84/2001 verður ekki annað ráðið en að framlög stefnanda og stefnda skuli koma úr ríkissjóði og sveitarsjóði. Með undirritun stefnda á samninginn frá 30. mars 2012, sbr. dskj. nr. 13, er fölginn skrifleg yfirlýsing hans í samræmi við 3. mgr. 12. gr. laga nr. 84/2001. Sú yfirlýsing er skuldbindandi fyrir stefnda.

Þar að auki myndar kostnaðarframlag stefnda skv. 47. gr. framhaldsskólalaga ekki aðalkröfu sem hæf er til skuldajafnaðar á meintri kröfu stefnda á hendur stefnanda, né Framkvæmdasýslu ríkisins ef því er að skipta. Framlag stefnda rennur almennt hvorki til eignar hjá stefnanda né Framkvæmdasýslu ríkisins, heldur til verktakans í formi verklauna í samræmi við verksamning, sbr. dskj. nr. 19. Verktakanum ber engin skylda að lögum til að greiða stefnda gatnagerðargjald. Ekki heldur Framkvæmdasýslu ríkisins. Eigi krafa stefnda um greiðslu gatnagerðargjalda sér einhverja lagastoð ber honum að beina þeirri kröfu að stefnanda en ekki Framkvæmdasýslu ríkisins. Grundvallarskilyrði skuldajafnaðar um gagnkvæmni var því ekki fyrir hendi.

Skuldajöfnuðurinn sem stefndi lýsti yfir þann 14. júní 2013 er markleysa og því ólögmætur. Skuldajafnaðaryfirlýsingin leysir stefnda ekki undan skyldu til að uppfylla sinn hluta samningsins um byggingu Framhaldsskólans í Mosfellsbæ frá 30. mars 2012 sem og lögakveðna skyldu hans samkvæmt c lið 2. mgr. 47. gr. laga nr. 92/2008. Hvorki lagafyrirmælin, né samningur aðila, sbr. dskj. nr. 13, heimila nein frávik frá þeirri kostnaðarskiptingu og greiðsluskylda stefnda því ótvíræð.

Álagning gatnagerðargjalds er óheimil.

Krafa stefnda á hendur stefnanda um greiðslu gatnagerðargjalds skortir lagastoð. Gatnagerðargjald er skattur sem lagður er á fasteign í samræmi við heimild í lögum nr. 153/2006. Skattlagningarheimild stefnda takmarkast af undanþágum í öðrum lögum þar á meðal 47. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla er tekið fram í athugasemdum með 47. gr. að efnislega sé ákvæðið sambærilegt 37. gr. þágildandi laga nr. 80/1996, en þar var tekið fram að sveitarfélög legðu til lóðir undir framhaldsskóla án kvaða eða gjalda. Óumdeilt er að gatnagerðargjald var þar með talið. Með hliðsjón af lögskýringargögnum ber að skýra 47. gr. núgildandi laga á sömu lund.

Í lögum er víða vikið sérstaklega að undanþágum frá greiðslu gatnagerðargjalda af byggingum í opinberri eigu eða þegar lög kveða á um skiptingu stofnkostnaðar milli ríkis og sveitarfélags. Er á því byggt af hálfu stefnanda að það sé almenn stefna löggjafans að sveitarfélög skuli afhenda land undir slíkar byggingar endurgjaldslaust og án kvaða eða gjalda.

Einnig er á því byggt að ekki verður séð að með lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006 hafi það verið ætlun löggjafans að afnema ákvæði í öðrum lögum sem undanþiggja stefnanda greiðslu gatnagerðargjalda af byggingum sem reistar eru og hýsa almannþjónustu.

Álagning og innheimta stefnda á margnefndu gatnagerðargjaldi er ólögmæt og getur því ekki markað grundvöll undir fjárkröfu þá sem stefndi hefur haft uppi.

Varakrafa.

Aðila málsins greinir á um réttmæti álagningar stefnda á gatnagerðargjaldi sem nemur 101.784.632 krónum. Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnanda er gerð sú varakrafa að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 40.731.853 krónur auk dráttarvaxta.

Komist dómur að þeirri niðurstöðu að álagning stefnda á gatnagerðargjaldi standist lög ber að skipta því, eins og öðrum byggingakostnaði, í hlutföllunum 60/40, sbr. 47. gr. laga um framhaldsskóla og 2. gr. laga um gatnagerðargjald. Fjárhæð varakröfunnar nemur 40% af 101.784.632 krónum, sem samsvarar 40.731.853 krónum.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjöld, er það lóðarhafi sem er gjaldskyldur. Lóðarhafar eru stefnandi og stefndi sameiginlega í hlutföllunum 60/40, sbr. dskj. nr. 34. Ber stefnda því þegar af þeirri ástæðu að greiða stefnanda umkrafða fjárhæð.

Væxtakrafa.

Dráttarvæxtakrafan styðst við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Stefnandi greiddi 100.208.244 krónur sem stefndi átti með réttu að standa skil á til að standa straum af byggingu Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.

Sú greiðsla sem stefndi tók af eigin framlagi með skuldajöfnuðinum 14. júní 2012 er ólögmat. Frá og með þeim degi hefur stefndi vanefnt skyldur sínar bæði samkvæmt fyrirmælum 47. gr. framhaldsskólalaga og samningi aðila frá 30. mars 2012. Stefnandi hefur því þurft að leggja til 100.208.244 krónur umfram lagaskyldu, til að efna sameiginlegar samningsskyldur aðila við Eykt ehf. í samræmi við ákvæði verksamnings, sbr. dskj. nr. 19. Stefnandi bar þann aukakostnað frá og með 14. júní 2012 og ber stefnda því að greiða stefnanda dráttarvexti af 100.208.244 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Vaxtakrafa varakröfunnar er rökstudd með sama hætti að breyttu breytanda.

Lagarök: Krafa stefnanda byggir á 47. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla og lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda, einkum II., III., IV., VI. og VII. köflum laganna. Einnig er byggt á ólögfestum reglum kröfuréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og skilyrði skuldajafnaðar, sem og reglum samningaréttarins um skuldbindingargildi loforða. Ennfremur er byggt á 1. gr. og 2. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald. Dráttarvaxtakrafan styðst við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.


Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu.
2. Skjalaskrá.
3. Samkomulag um stofnun og uppbyggingu framhaldsskóla í Mosfellsbæ, dags. 19. febrúar 2008.
4. Frumathugun dags. 11. júní 2009.
5. Bréf byggingafulltrúa stefnda til Framkvæmdasýslu ríkisins, dags. 8. júní 2011.
6. Reikningur stefnda til Framkvæmdasýslu ríkisins, dags. 8. júní 2011 vegna byggingagjalda, ásamt fyrirmælum stefnanda um endursendingu hans.
7. Bréf stefnda til Framkvæmdasýslu ríkisins, dags. 11. júlí 2011.
8. Bréf Framkvæmdasýslu ríkisins til stefnda, dags. 31. ágúst 2011.
9. Bréf Framkvæmdasýslu ríkisins til stefnda og stefnanda, dags. 26. október 2011.
10. Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis til fjármálaráðuneytis, dags. 2. febrúar 2012.
11. Bréf fjármálaráðuneytis til Framkvæmdasýslu ríkisins, dags. 7. febrúar 2012.
12. Bréf Framkvæmdasýslu ríkisins til fjármálaráðuneytis, dags. 8. febrúar 2012, ásamt umsögn um áætlunargerð.
13. Samningur stefnanda og stefnda um byggingu framhaldsskóla í Mosfellsbæ, dags. 30. mars 2012.
14. Ítrekun stefnda til Framkvæmdasýslu ríkisins, dags. 3. maí 2012 vegna vanskila á reikningi vegna byggingagjalda.
15. Bréf Framkvæmdasýslu ríkisins til stefnda, dags. 22. maí 2012.
16. Bréf fjármálaráðuneytis til ríkislögmans, dags. 31. maí 2012.
17. Bréf stefnda til stefnanda, dags. 5. júní 2012.
18. Tölvupóstur Framkvæmdasýslu ríkisins til Eyktar ehf., dags. 15. júní 2012.
19. Verksamningur stefnanda og stefnda við Eykt ehf.
20. Tölvupóstur stefnanda til stefnda, dags. 29. ágúst 2012 ásamt álitsgerð ríkislögmans, dags. 17. ágúst 2012.
21. Bréf stefnda til Framkvæmdasýslu ríkisins, dags. 1. nóvember 2012.
22. Samningur stefnanda og stefnda við Framkvæmdasýslu ríkisins frá nóvember 2012, vegna verklegra framkvæmda við byggingu framhaldsskóla í Mosfellsbæ.
23. Tölvupóstur stefnda og Framkvæmdasýslu ríkisins, 14. og 15. febrúar 2013.

24. Yfirlit frá Framkvæmdasýslu ríkisins yfir stöðu byggingareikninga stefnanda og stefnda 31. desember 2012.
25. Afrit af reikningi Framkvæmdasýslu ríkisins til stefnda, dags. 28. febrúar 2013
26. Tölvupóstur Framkvæmdasýslu ríkisins til stefnda, ásamt bréfi Framkvæmdasýslu ríkisins til stefnda, dags. 4. mars 2013.
27. Bréf stefnda til Framkvæmdasýslu ríkisins, dags. 5. apríl 2013.
28. Bréf stefnda til stefnanda, dags. 5. apríl 2013
29. Tölvupóstur Framkvæmdasýslu ríkisins til stefnda, dags. 13. maí 2013.
30. Tölvupóstur Framkvæmdasýslu ríkisins og stefnda, 4. og 5. júní 2013.
31. Bréf stefnda til Framkvæmdasýslu ríkisins, dags. 14. júní 2013 ásamt greiðslukvittun.
32. Bréf Framkvæmdasýslu ríkisins til stefnda, dags. 10. september 2013.
33. Bréf stefnda til Framkvæmdasýslu ríkisins, dags. 8. október 2013.
34. Leigusamningur um byggingalóð í Mosfellsbæ, dags. 14. apríl 2014.
35. Ábyrgðarúttekt Framkvæmdasýslu ríkisins gagnvart Eykt ehf., dags. 7. janúar 2015.
36. Staða byggingareikninga stefnanda og stefnda 31. mars 2015.
37. Yfirlit yfir greiðslur stefnanda til Framkvæmdasýslu ríkisins, ásamt afritum reikninga.
38. Yfirlit yfir greiðslur stefnda til Framkvæmdasýslu ríkisins, ásamt afritum reikninga.

Fyrirkall: Því stefnist hér með Haraldi Sverrissyni, bæjarstjóra, kt. 141261-7119, með starfsstöð að Þverholti 2 í Mosfellsbæ, f.h. Mosfellsbæjar, kt. 470269-5969, Þverholti 2, Mosfellsbæ, til að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 30. júní 2015, kl. 10:00 er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola. Verði ekki mætt af hálfu stefnda má búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er 3 sólarhringar.


Reykjavík, 15. júní 2015


Soffía Jónsdóttir, hrl.

Stefna þessi hefur verið mér nægilega birt og samrit hennar afhent mér f.h. stefnda Mosfellsbæjar sem hefur falið mér að sækja þing fyrir sína hönd og taka til varna.

Fallið er frá stefnufresti.

Reykjavík, 18 júní 2015.


Sigurður Snædal Júlíusson, hrl.